

# Nýr kjarasamningur við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum, undirritaður 11. janúar 2022

Þann 11. janúar 2022 skrifuðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum (FT) með rafrænum hætti undir nýjan kjarasamning sem gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023.

**Helstu atriði/breytingar samningsins eru:**

## **Grein 1.1.1 um föst mánaðarlaun**

Laun félagsmanna FT hækka í samræmi við lífskjarasamningshækkunir skv. launatöflum A1 og B1 þann 1. janúar 2022 um kr. 25.000.

## **Grein 1.1.4 um önnur laun**

Önnur laun hækka um 2,5% þann 1. janúar 2022.

## **Grein 1.2.1 um mánaðarlaun í hlutastarfi/ráðningarhlutfall**

Tónlistarskólakennari sem ráðinn er til kennslu sem er að lágmarki 20% af fullri kennslu skal ráðinn í fast starfshlutfall.

## **Grein 1.10 um annaruppbætur:**

Annaruppbót til greiðslu 1. júní 2022 eru kr. 96.000,-

Annaruppbót til greiðslu 1. desember 2022. kr. 96.000,-

## **Grein 2.1.6.2 um skiptingu vinnutíma**

Vegna lengingar orlofs þar sem allir tónlistarskólakennarar eru nú með 30 orlofsdaga er árlegt vinnuframlag 1.752 klst. og tími til starfsþróunar 102 klst. Ekki er um breytingu á áður gildandi kjarasamningi að ræða.

## **Kafli 4 um orlof**

Lágmarksorlof skal vera 240 vinnuskyldustundir (30 dagar) miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður sem hefur unnið hluta af fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof 20 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf. Orlofsfé er 13,04% á yfirvinnu og álagsgreiðslum.

## **Fylgiskjal 2 um styttingu vinnutíma**

Í kjarasamningi þessum er samkomulag um styttingu vinnutíma félagsmanna FT samkvæmt fylgiskjali 2.

Heimilt er með sérstöku samkomulagi meirihluta kennara og stjórnenda hvers skóla/vinnustaðar að stytta vinnutíma með því að aðlaga vinnutíma að þörfum tónlistarskóla og kennara og stjórnenda. Samningsaðilar eru sammála um að vinnutími kennara og stjórnenda styttest frá og með 1. ágúst 2022 til og með 31. júlí 2023 sem nemur 13 mínútum á dag miðað við 40 stunda vinnuviku að jafnaði yfir árið.

Undirbúningur hvað varðar gerð leiðbeininga og stofnun innleiðingarhóps fer fram fyrir 7. febrúar 2022.

#### **Grein 14.1 um gildistíma og atkvæðagreiðslu**

Samningur þessi um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila gildir frá 1. janúar 2022 til 31. mars 2023 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 21. janúar 2022. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 21. janúar 2022 skoðast samningurinn samþykktur.